

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 46. stjórnarfundar 30. september, 2024 kl. 13:10-15:10.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Örn Viðar Skúlason, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Diljá Ragnarsdóttir og Dagný Lís Davíðsdóttir sátu fundinn undir liðum 1-3.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð

Fundargerð 45. fundar samþykkt.

2. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsókna.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til afgreiðslu á fjórum umsóknum um sölu á íbúðarhúsnæði.

Kaup á þremur eignum samþykkt en ein umsókn taldist þurfa nánari skoðun.

Framkvæmdastjóri lagði fyrir fundinn að taka afstöðu til framkvæmdar við lögskilauppgjör þegar um er að ræða íbúðarhúsnæði sem hefur orðið fyrir vatns- eða brunatjóni eftir 10. nóvember 2023. Samþykkt að félagið yfirtaki kröfu á hendur tryggingafélögum samhliða gerð lögskilauppgjors.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefnisins og helstu verkefni framundan. Alls hafa borist 941 umsókn um sölu á húsnæði og þar af eru 931 frá einstaklingum.

Þegar hafa verið samþykktar 904 umsóknir. Þinglýstir kaupsamningar eru orðnir 889 og kaupverð þeirra eigna er alls 68,1 ma. kr.

Félagið hefur tekið á móti 782 eignum og gengið hefur verið frá 680 afsölum.

Gengið hefur verið frá ráðningarsamningi við umsjónarmann fasteigna í Grindavík.

4. Fundur með kröfuhöfum

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir undirbúningi fyrir fund með kröfuhöfum félagsins boðaðar hefur verið 1. október.

5. Endurskoðun félagsins

Framkvæmdastjóra var falið að óska eftir því við Ríkisendurskoðun að ytri endurskoðanda verði falið að endurskoða reikninga félagsins.

Önnur mál

Ákveðið að hafa næsta fund 24. október kl 13-15. Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 15:10.

Guðrún Þorleifsdóttir

Óskar Józefsson

Örn Viðar Skúlason

Hermann Hermannsson